



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2020-073U010**

Dagsetning: **10. júlí 2020**

Staðsetning: **Skeiðavegur við Stóru-Laxá**


Atvik: **Framanákeyrsla**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miðað að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Síðdegis þann 10. júlí 2020 ók ökumaður á norðausturleið við vegamót Auðsholtsvegur og Skeiða- og Hrunamannavegar yfir á rangan vegarhelming til að fordast aftanákeyrslu á bifreið við vegamótin þar sem ökumaður þeirra bifreiðar var að undirbúa vinstri beygju. Á sama tíma kom bifreið úr gagnstæðri átt og varð harður árekstur með þeim afleiðingum að ökumaðurinn sem ók á röngum vegarhelmingi lést af völdum áverka sem hann hlaut í slysinu.

Staðsetning



Helstu upplýsingar

Látinn:

92 ára karl

Veður og birta:

Hiti 15°C, vestlæg átt 5 m/s og þurr. Léttskýjað, sól og dagsbirta

Vegur:

Bundið slitlag og þurr yfirborð. Hámarkshraði á slysstað var 50 km/klst fyrir umferð í norðaustur en 70 km/klst fyrir suðvestur
Meðaltalsumferð á sólarhring er um 1350 ökutæki

Tími sólarhrings:

Klukkan 15:30

Ökutæki:

Opel Grandland X árgæð 2018

Honda CR-V árgæð 2016

Toyota Land Cruiser nýskráð árið 2003

Kerra, tveggja öxla, árgæð 2007, eigin þyngd 683 kg

Lýsing á slysi

Atvikalýsing

Síðdegis föstudaginn 10. júlí 2020 var Opel bifreið ekið norðaustur Skeiða- og Hrunamannaveg að vegamótum við Auðsholtsveg á eftir Honda bifreið. Við gatnamótin hægði ökumaður Honda bifreiðarinnar á sér til þess að beygja til vinstri inn á Auðsholtsveg. Úr gagnstæðri átt kom á sama tíma Toyota jeppi með kerru. Þurfti ökumaður Honda bifreiðarinnar að hægja vel á sér þegar Toyota bifreiðin fór fram hjá. Sveigði ökumaður Opel bifreiðarinnar sem ekið var fyrir aftan Honda bifreiðina til vinstri yfir á rangan vegarhelming til að forða aftanákeyrslu á Honda bifreiðina. Hægra framhorn Opel bifreiðarinnar rakst á vinstra afturhorn Honda bifreiðarinnar rétt áður en harður árekstur varð á milli Toyota og Opel bifreiðanna. Vitni greindu frá að stefnuljós til vinstri hafi verið kveikt á Honda bifreiðinni rétt fyrir áreksturinn.

Ummerki á vettvangi og ákomur á bifreiðunum bentu til þess að Toyota jeppinn hefði nánast farið yfir fólksbifreiðina og snúist í hálfan hring við áreksturinn. Opel bifreiðin snerist og rann aftur nokkra metra áður en hún stöðvaðist en Honda bifreiðin kastaðist fram á veginum og stöðvaðist í vegöxlinni hægra megin.



Mynd 1: Skýringarmynd af slysstað.

Á mynd 1 sést yfir slysstaðinn. Opel bifreiðinni var ekið á eftir Honda bifreiðinni og sveigði til vinstri fram hjá henni og framan á Toyota jeppann sem var með kerru í eftirdragi.

Rétt áður en áreksturinn varð hafði vitni sem ók suðvestur Skeiða- og Hrunamannaveg mætt tveimur bifreiðum sem var ekið yfir brúna yfir Stóru-Laxá. Vitnið veitti aksturslagi ökumanns Opel bifreiðarinnar, seinni bifreiðarinnar, eftirtekt sökum nálægðar milli bílanna. Vegna þessa aksturslags leit vitnið í baksýnisspegilinn og sá áreksturinn. Að sögn ökumanns Honda bifreiðarinnar veitti hann Opel bifreiðinni ekki eftirtekt fyrir áreksturinn.



Mynd 2: Slysavettvangur séð úr suðvestri.

Áverkar

Ökumaður Opel bifreiðarinnar hlaut mikla áverka í slysinu og lést af völdum þeirra á sjúkrahúsi nokkru seinna. Mikil aflögun varð inn í öikumannsrými bifreiðarinnar. Ökumenn Honda og Toyota bifreiðanna hlutu lítil meiðsli. Allir ökumennirnir voru með öryggisbelti.

Ökutækin

Opel bifreiðin var rannsökuð eftir slysið. Hún var nýskráð árið 2018 og var með fulla skoðun þegar slysið átti sér stað. Hún var útbúin lítið slitnum ónegldum vetrarhjólborðum. Ekkert kom fram við rannsókn á bifreiðinni sem skýrt getur orsök slyssins.

Honda bifreiðin var nýleg og skemmdist lítið í slysinu og ekki var talin ástæða til að skoða hana sérstaklega.

Toyota jeppinn og kerran voru tekin til bíltæknirannsóknar. Bifreiðin var nýskráð 2003 og var útbúin hálfslitnum ónegldum vetrarhjólborðum. Ekkert kom fram við rannsókn á bifreiðinni eða kerrunni sem skýrt getur orsök slyssins. Bæði kerran og jeppinn voru með fulla skoðun þegar slysið varð.

Vegur og umhverfi

Slysið varð við vegamót Auðsholtsvegur og Skeiða- og Hrunamannavegar. Skeiða- og Hrunamannavegur liggur þarna til norðausturs í mjúkri hægri beygju og Auðsholtsvegur er hornréttur á veginn. Vegyfirborð er með bundnu slitlagi. Yfirborðsmerkingar á Skeiða- og Hrunamannavegi voru heil miðlína að vegamótunum beggja megin frá. Óbrotin kantlína var beggja megin. Vegurinn mjókkar sunnan við vegamótin vegna brúarinnar yfir Stóru-Laxá, sem er einbreið (sjá mynd 2). Vegbreiddin er um 6,4 m og vegaxlir um 50 cm hvoru megin. Það var bjartviðri þegar slysið varð, hiti 15°C, hægur vindur og þurrt.

Hámarkshraði í aksturstefnu norðuraustur var 50 km/klst vegna einbreiðu brúarinnar og hækkaði í 70 km/klst eftir vegamótin og síðan 90 km/klst. Hámarkshraði á leið suðvestur var 70 km/klst eftir lækun úr 90 km/klst stuttu fyrir vegamótin að Auðsholtsvegi.



Mynd 3: Af slysavettvangi.

Ökuhraði

Við áreksturinn var Opel bifreiðin talin hafa verið á um 70 km/klst, Honda bifreiðin var sennilega kyrrstæð, en Toyota jeppinn var að sögn ökumanns á 80-85 km/klst.

Áfengis- og lyfjarannsókn

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknna á ökumönnum bifreiðanna voru neikvæðar.

Orsakagreining

- Ökumaður Opel bifreiðarinnar gætti ekki að Honda bifreiðinni sem var að hægja ferðina við vegamót
- Ökumaður Opel bifreiðarinnar ók yfir á öfugan vegarhelming í veg fyrir bifreið sem ekið var úr gagnstæðri átt
- Ökumaður Opel bifreiðarinnar ók of nálægt Honda bifreiðinni

Ábending

Slys eldri ökumanna á gatna- og vegamótum

Rannsóknir sýna að umferðarslys eldri ökumanna verða hlutfallslega oftar á gatna- og vegamótum¹ en slys þeirra sem yngri eru. Ástæður þess að eldri ökumenn lenda í slysum við þessar aðstæður eru raktar til ýmissa þátta. Með aldrinum dregur úr viðbragðsflýti og hraðaskynjun og verður því erfiðara að meta og bregðast við óvæntum hættum². Eldri ökumenn virðast einnig þurfa að einbeita sér frekar að staðsetningu sinni á veginum en þeir sem yngri eru og kann það að draga athygli frá öðrum þáttum akstursins¹. Þá skerðist sjón og hreyfigeita með aldrinum³. Öll þessi atriði auka hættu

¹ Dukic og Brobert, 2012. „Older drivers visual search behaviour at intersections“ Transport Research Part F 15 (2012) 462 – 470.

² Salvia og félagar, 2016. „Effects of Age and Task Load on Drivers, Response Accuracy and Reaction Time When Responding to Traffic Lights“. Frontiers in Aging Neuroscience, 2016; 8:169.

³ SWOV, 2010 „The Elderly and Infrastructure“ Fact Sheet, SWOV, Institute for Road Safety Research, Haag, Holland.

á mistökum við akstur um vega- og gatnamót. Rannsóknir RNSA benda eindregið til þess að til að fækka megi banaslysum eldri ökumanna í umferðinni þurfi að leggja áherslu á umfjöllun um þennan flokk slysa. Veikindi og lyfjanotkun ökumanna hafa stundum verið orsakabáttur þessara slysa auk annarra atvika. Eldri ökumenn geta vegið upp þennan áhættuþátt með því að aka hægar og halda meiri fjarlægð milli ökutækja til þess að auka þann tíma sem þeir hafa til þess að bregðast við.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Nína Petersen
Kristín Sigurðardóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Hinrik Jóhannsson
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 6. desember 2021
Rannsóknarnefnd samgönguslysa